

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Norðurþingi.

Gildistaka deiliskipulags Í1 og Í2 á Kópaskeri.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum 27. febrúar 2025 nýtt deiliskipulag íbúðarsvæðis á Kópaskeri.

Deiliskipulagið er að hluta til innan íbúðarsvæðis Í1 og að hluta innan Í2 á Kópaskeri. Deiliskipulagið skilgreinir 14 nýjar íbúðarhúsalóðir, þar af 12 einbýlishúsalóðir, eina parhúsalóð og eina lóð undir þriggja íbúða raðhúsi. Alls gerir skipulagið ráð fyrir 17 nýjum íbúðum ásamt heimild til að byggja parhús á fimm einbýlishúsalóðanna og því mætti byggja allt að 22 nýjar íbúðir á skipulagssvæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 7. apríl 2025.

Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 25. apríl 2025